



## Aðalfundur FNS

### Fundargerð

**23. maí 2022, kl 13:30 á Háskólatorgi 310 og á zoom.**

Mætt eru: 10 mætt í Háskólatorg - 12 mætt á zoom

#### Kosning fundarstjóra og fundarritara

Helga Tryggvadóttir kosin fundarstjóri og Hildur Björg Vilhjálmsdóttir kosin fundarritari

#### 1. mál. Skýrsla stjórnar

Jónína Kárdal kynnir skýrslu stjórnar. Hún verður birt á vef FNS innan skamms. Í skýrslunni eru upplýsingar um störf stjórnar, rekstur félagsins og störf nefnda og ráða.

Áherslur nýrrar stjórnar voru á stefnumótun stéttarinnar. Áherslur næstu ára eru á sýnileika, samstöðu og stafræna hæfni. Stjórnin hefur mikið nýtt fjarfundi og stafræna miðla til samráðs og til að ná til félagsfólks.

FNS átti 40 ára afmæli á liðnu starfsári. Félagið hélt upp á það með útgáfu hátíðarblaðs sem var gefið út á degi náms- og starfsráðgjafa haustið 2021. Stéttin er að uppskera með ýmsum hætti, meðal annars með samráði og þá var náms- og starfsfræðsla þema þróunarsjóðs námsgagna vorið 2022.

#### 2. mál. Ársreikningar félagsins

Hildur Björk Möller kynnir ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Tekjur af félagsgjöldum voru kr. 1.599.000 sem var aukning um kr. 299.500 frá fyrra ári en styrkir námu kr 350.000. Tap var af rekstri félagsins upp á kr. 691.736 sem má rekja til sérútgáfu í Fréttablaðinu af tilefni 40 ára afmælis FNS

#### 3. mál. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Spurt er um tekjur og kostnað vegna dags náms- og starfsráðgjafa. Engar tekjur voru af degi náms- og starfsráðgjafa árið 2020 þar sem hann var án endurgjalds í fjarfundi.

Skýrsla stjórnar var borin undir samþykki fundarins. Skýrslan er samþykkt.

Ársreikningur 2021 var borinn undir samþykki fundarins. Ársreikningur samþykktur.

#### 4. mál. Lagabreytingar

Breyting á 6. grein, viðbót:

Stjórn FNS leggur fram fjárhagsáætlun eigi síðar en í desember ár hvert fyrir næsta almanaksár. Í fjárhagsáætlun skal gera grein fyrir helstu kostnaðarliðum vegna komandi starfsárs. Tillaga er samþykkt

Breyting á 11. grein, viðbót:

Innan 4 vikna frá aðalfundi eða í síðasta lagi fyrir 10. júní ár hvert, skal stjórn FNS hafa fundað og samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið, milli aðalfunda. Umræða um hvort 10. júní sé of knappur tími, kostir og gallar fylgja því. Tillaga um lagabreytingu er samþykkt.



Breyting á 12. grein, viðbót:

Innan 4 vikna frá aðalfundi, eða í síðasta lagi fyrir 10. júní ár hvert, skulu nefndir og ráð FNS hafa fundað og mótað sér starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Starfsáætlun skal send stjórn FNS. Tillaga samþykkt.

#### **5. mál. Nefndarstörf**

Dagskrárlið sleppt.

#### **6. mál. Umræður og afgreiðsla mála**

Jónína kynnrir afgreiðslu mála frá aðalfundi 2021

Ekki gafst svigrúm til að fara í endurskoðun starfslýsinga á liðnu starfsári. Þetta verður meðal fyrstu verkum nýrrar stjórnar. Umræður um ánægju með að farið verði í þá vinnu.

Siðanefnd

Helga Tryggvadóttir les upp erindi siðanefndar til fundarins. Siðanefnd leggur til að ný siðanefnd ljúki vinnu við endurskoðun verkferla. Fundurinn samþykkir.

Erindi til stjórnar

Samþykkt að vísa erindi um fjölda og vinnslu mála í siðanefnd til stjórnar.

#### **7. mál. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða**

##### **Stjórn**

Jónína Kárdal (NSHÍ) er kosin formaður

Áframhaldandi eru Helga Valtýsdóttir (Flensborg), Hildur Björg Vilhjálmsdóttir (Stapaskóli), Hrönn Grímsdóttir (Austurbrú), Greta Jessen (Langholtsskóli) og Heimir Haraldsson (MA). Hildur Björk Möller hættir í stjórn. Jóhanna María Vignir (Gerðaskóli) er ný í stjórn. Stjórnarkjör borið undir fundinn. Stjórnarkjör samþykkt.

##### **Fræðslunefnd**

Áframhaldandi eru Kristín Erla Þráinsdóttir (Mímir), Kristín Hrefna Leifsdóttir (Sæmundarskóli), Kolbrún Vilhjálmsdóttir (Grunnskóli Hveragerðis) og Guðrún Helga Ágústsdóttir (Þekkingarnet Þingeyinga). Eitt pláss laust í Fræðslunefnd.

Upplýsinga og kynningarnefnd: Helga Lind Hjartardóttir (MK) og Sigríður Birna Bragadóttir (MH) halda áfram. Guðlaug Ragnarsdóttir gefur kost á sér á fundinum. Fundurinn samþykkir

##### **Fagráð grunnskóla**

Henny Sigurjónsdóttir (Austurbæjarskóla) heldur áfram.

##### **Fagráð framhaldsskóla**

Svanhildur Svavarsdóttir (FMOS) og Fríður Reynisdóttir (MH) halda áfram.

##### **Fagráð Háskóla**

Hildur Katrín Rafnsdóttir (HR) heldur áfram og María Jónsdóttir (HA) kemur ný inn í ráðið



## **Fagráð atvinnulífs**

Margrét Hanna (sjálfstæð) heldur áfram og Erna G. Árnadóttir (líðan) kemur ný í ráð.

## **Kjaranefnd**

Tvo fulltrúa vantar úr grunnskóla

Ásdís Birgisdóttir (MH) fyrir framhaldsskóla

Kristín Birna Jónasdóttir (BHS) fyrir framhaldsskóla

Árný Þóra Ármannsdóttir (HA) fyrir háskóla

Lýdía Sigurðardóttir (NSHÍ) fyrir háskóla

Arndís Harpa Einarsdóttir (MSS) fyrir atvinnulífið

Einn fulltrúa vantar fyrir atvinnulífið

## **Siðanefnd**

Siðanefnd heldur áfram störfum. Í henni sitja Hildur Ingólfssdóttir (Dalskóli), Hrönn Grímsdóttir (Austurbrú), Lýdía Sigurðardóttir (NSHÍ) og Klara Guðbrandsdóttir (FSU)

## **8. mál. Önnur mál**

Lokaorð Formanns: Jónína þakkar fráfarandi gjaldkera vel unnin störf. Hildur Björk Möller lætur af störfum sem gjaldkeri í stjórn. Jónína óskar nýjum stjórnarmönnum velfarnaðar. Jónína þakkar nefndarfólki fyrir unnin störf.

Umræða: Félagsfólk þakkar formanni og stjórn fyrir hvatningarpistla á liðnu starfsári.

Fundi slitið *klukkan kl: 14:49*

Fundarritari: Hildur Björg Vilhjálmsdóttir